

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 70/2020****2023/EES/22/03****frá 12. júní 2020****um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1947 frá 22. nóvember 2019 um leyfi fyrir kassúgúmmí sem fóðurukefni fyrir ketti og hunda <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1964 frá 26. nóvember 2019 um leyfi fyrir fljótandi L-lýsínbasa, fljótandi L-lýsínmónó-hýdróklóríði, tæknilega hreinu L-lýsínmónóhýdróklóríði og L-lýsínsúlfati sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1965 frá 26. nóvember 2019 um leyfi fyrir natríummólýbdatdífýdrati sem fóðurukefni fyrir sauðfé <sup>(3)</sup>.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunar-ákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 308. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/107) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „309. **32019 R 1947:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1947 frá 22. nóvember 2019 um leyfi fyrir kassúgúmmí sem fóður-aukefni fyrir ketti og hunda (Stjútíð. ESB L 304, 26.11.2019, bls. 7).
310. **32019 R 1964:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1964 frá 26. nóvember 2019 um leyfi fyrir fljótandi L-lýsínbasa, fljótandi L-lýsínmónóhýdróklóríði, tæknilega hreinu L-lýsínmónóhýdróklóríði og L-lýsínsúlfati sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjútíð. ESB L 307, 28.11.2019, bls. 3).
311. **32019 R 1965:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1965 frá 26. nóvember 2019 um leyfi fyrir natríummólýbdatdífýdrati sem fóðurukefni fyrir sauðfé (Stjútíð. ESB L 307, 28.11.2019, bls. 12).“

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 304, 26.11.2019, bls. 7.<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 307, 28.11.2019, bls. 3.<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 307, 28.11.2019, bls. 12.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2019/1947, (ESB) 2019/1964 og (ESB) 2019/1965, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Clara Ganslandt**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.